

Þetta kann ekki landinn, og eg held honum verði það mjög erfitt og seinlært.

Eg skal segja ykkur eitt, vinir mínir. Það er í rauninni siðferðileg barátta, sem vér verðum að hefja. Fyrst var baráttan rannsakandi, vitsmunaleg, að reyna og prófa, hvað væri satt. Síðan, þegar það er fundið, þá verður hún siðferðisleg, að halda við þann sannleika, sem maður hefir fundið, að gefa sig allan honum á vald með lífi og sál.

Hvað er sá maður, sem breytir á móti því, er hann álitur sannast og réttast? Eg veit ekki betur, en þeir menn séu jafnan kallaðir ódrengir. En nú sjáum vér bæði gamla og unga breyta alveg öfugt við sannfæringu sína. Börnin, sem alast upp í unitarafróðleik og vita vel um það, hvað kyrkjan er að kenna, kasta frá sér allri sinni þekkingu, vilja ekki heyra rannsókn eða frjálsa trú nefnda, en ganga yfir í sauðahús hinna „rétttrúuðu“. Af hverju kemur það? Það er einhvern veginn meðfætt í öðli þeirra um márga ættliðu af áþján og hugleysi, og svo hitt, að þau læra það af hinum eldri, sem hópum saman hafa þann hugsunarhátt, að það sé bezt að vera með fjöldanum, vera þar sem gullið glóir, þar sem þeir ætla að virðingar fylgi. Kyrkjan þiggur allt, eins og hún æfinlega hefir gjört, hún klappar lof í lófa og hlær í kamp sér, þegar fátækingarnir krjúpa að stóli hennar. Það er hlutverk vort, að reyna að bjarga þeim frá sjálfum sér, þessum mönnum, reyna að sýna þeim sannarlegt manngildi, sýna þeim, að *betra er dauður að liggja, en ræfill að vera*. Vér þurfum að sýna þeim þetta í öllu voru dagfari, í öllu voru daglega lífi, sýna þeim það í dag og á morgun, sýna þeim það í allri vorri daglegu sambúð hver við annan, sýna þeim, að vér séum menn, sem æfinlega má treysta.

Hún þarf að vera siðferðileg, baráttan, vér þurfum að sýna það í öllu voru líferni, að þessar nýju hugmyndir lyfti oss upp á við, en dragi oss ekki niður. Vér þurfum að láta þær koma fram í kærleikanum, umburðarlyndinu, í glaðlyndi, vinfestu og trygð. Ekki með því að sýta og gráta. Grátur og volæði munu aldrei bjarga eða endurleysa heiminn. Hefdur með því, að reyna að gjöra hver öðrum lífið svo bjart og elskulegt, sem vér getum.